

Persónuverndarstefna TPML

Þessi persónuverndarstefna tilgreinir við hvaða aðstæður og hvenær og af hvaða ástæðum við söfnum persónuupplýsingum þínum, hvernig við notum slíkar upplýsingar, við hvaða aðstæður við kunnum að birta öðrum slíkar upplýsingar og hvernig við tryggjum öryggi slíkra upplýsinga.

TPML er umhugað um að standa vörð um persónuvernd þína. Þegar vísað er til „gagna þinna“, „persónuupplýsinga þinna“ og „upplýsinga þinna“ er átt við allar persónuupplýsingar sem þú eða þriðji aðili hefur látið okkur í té.

Við gerum tíðar breytingar á þessari persónuverndarstefnu. Opnaðu því þessa síðu reglulega til að athuga hvort að slíkar breytingar falli þér í geð.

Hver erum við?

Transact Payments Malta Limited („TPML“, „við“, „okkur“ eða „okkar“) er útgefandi kortsins og ábyrgðaraðili gagna í tengslum við persónuupplýsingar sem þú veitir okkur, en þó aðeins í tengslum við kortið. TPML er ekki ábyrgðaraðili gagna í tengslum við notkun persónuupplýsinga þinna til að senda þér markaðs- eða kynningarefni. TPML veitir rafræna fjármálaþjónustu og fyrirtækið starfar samkvæmt leyfi og undir eftirliti maltneska fjármálaeftirlitsins. Skráð skrifstofa okkar er að Vault 14, Level 2, Valletta Waterfront, Floriana, FRN 1914, Möltu og skráð fyrirtækjanúmer er C91879.

Enfuce sér um verkefnastjórn kortsins og er gagnavinnsluaðili persónuupplýsinga sem þú lætur okkur í té í tengslum við kortið.

Hvernig söfnum við persónuupplýsingum þínum?

Við söfnum saman upplýsingum frá þér þegar þú sækir á netinu eða í farsímaforriti um greiðslukort sem við gefum út. Við söfnum einnig upplýsingum þegar þú notar kortið til að versla. Við kunnum einnig að vinna úr upplýsingum frá verkefnastjóra, öðrum samstarfsaðilum í greiðslumiðlun og þjónustuveitendum þriðja aðila. Við öflum einnig upplýsinga frá þriðja aðila (eins og þjónustuveitendum sem koma í veg fyrir svik) sem kann að bera persónuupplýsingar þínar saman við upplýsingar sem koma fram á kjörskrá og/eða í öðrum gagnagrunnum. Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum samkvæmt lögum um gagnavernd og þessari persónuverndarstefnu. Frekari upplýsingar er að finna á: **Á hvaða lagalega grundvelli vinnum við úr persónuupplýsingum þínum?**

Á hvaða lagalega grundvelli vinnum við úr persónuupplýsingum þínum?

Samningur

Þú verður að láta okkur í té persónuupplýsingar þínar, en úrvinnsla slíkra gagna er áskilin til að við getum staðið við skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum (sem nefnist skilmálar kreditkortsins eða svipað) sem við gerum um leið og þú skráir þig fyrir greiðsluþjónustu okkar. Í sumum tilvikum reynist úrvinnsla nauðsynleg til að grípa til tiltekinna aðgerða eða, að beiðni þinni, afla frekari upplýsingar eða staðfesta gjaldgengi þitt fyrir greiðsluþjónustunni áður en áður nefndur samningur er gerður. Þú verður að láta okkur í té umbeðnar persónuupplýsingar, að öðrum kosti getum við ekki veitt þér greiðsluþjónustu og riftum öllum samningum sem við höfum gert við þig.

Lagalegar kröfur/kröfur eftirlitsaðila

Við kunnum einnig að vinna úr persónuupplýsingum þínum til að uppfylla lagalegar kröfur eða kröfur eftirlitsaðila.

Lögvarðir hagsmunir

Við eða þriðji aðili kunnum að hafa lögvarða hagsmuni af því að vinna persónuupplýsingar þínar, t.d. í eftirfarandi tilvikum:

- Í því skyni að greina og auka öryggi okkar í viðskiptum,

- Í því skyni að gera persónuupplýsingar ónafngreinanlegar og í framhaldi af því nota ónafngreinanlegar upplýsingar.

Hvaða persónuupplýsingum söfnum við?

Þegar þú sækir um kort munum við eða samstarfsaðilar eða þjónustuaðilar okkar safna eftirfarandi upplýsingum um þig: Fullt nafn, þjóðerni, heimilisfang, fæðingardagur og -ár, kyn, líkamshæð, andlitsmynd, hreyfimynd, netfang, kennitala, símanúmer, staða á reikningum, upplýsingar um færslur og dulkóðun, IP-tala, innskráningarupplýsingar, skjöl til að staðfesta auðkenni, mynd af skjölum eins og mynd af vegabréfi eða öðrum skilríkjum og kortagögnum.

Við söfnum einnig upplýsingum um færslur og fjárhaglegar upplýsingar þegar þú notar kortið til að versla. Slíkar upplýsingar fela m.a. í sér dagsetningu, upphæð, gjaldmiðil, kortanúmer, kortaheiti, stöðu á reikningum og heiti söluaðila, lánardrottins eða birgis (t.d. stórmarkaður eða smásali). Við söfnum einnig saman upplýsingum um greiðslur til/frá reikningnum þínum.

Hvernig eru persónuupplýsingar þínar notaðar?

Við notum persónuupplýsingar þínar til að:

- setja upp reikninginn þinn, þ.m.t. vinna úr umsókn þinni um kort, stofna reikninginn þinn, staðfesta auðkenni þitt og prenta út kortið þitt.
- hafa umsjón með og stjórna reikningnum þínum, þ.m.t. vinna úr peningagreiðslum þínum, vinna úr samskiptum okkar á milli, hafa eftirlit með reikningnum þínum til að sporna gegn svikum og sjá þér fyrir öruggu umhverfi á netinu til að veita þjónustu okkar.
- fylgja öllum gildandi reglum, þ.m.t. skuldbindingum er varða peningþvætti.
- bæta þjónustu okkar, þ.m.t. að búa til nafnlaus gögn úr persónuupplýsingum þínum til greiningar, þ.m.t. til þjálfunar, prófunar og kerfisþróunar.

Deilum við upplýsingum þínum með öðrum aðilum?

Við gerum samninga við þriðja aðila og þjónustuaðila um að slíkum aðilum beri skylda til að tryggja öryggi og trúnað upplýsinga þinna.

Við kunnum að taka við upplýsingum þínum og áframsenda til eftirfarandi aðila:

- aðila sem sjá um að staðfesta auðkenni og veita áskilda staðfestingu og framkvæma athuganir í tengslum við reglufylgni og gegn sviksemi,
- samtaka um öryggi upplýsinga, aðila sem hýsa vefforrit, aðila sem veita aðstoð varðandi tölvupóst, aðila sem sjá um afritun netkerfa og þróunaraðila hugbúnaðar/verkvanga,
- þjónustuaðila sem sjá um skjalaeyðingu,
- Mastercard, Visa, þjónustuaðila rafrænnar greiðsluþjónustu eða þriðju aðila af öllum toga sem koma að úrvinnslu fjármálafærslna þinna,
- allra aðila sem við flytjum eða kunnum að flytja réttindi og skyldur okkar yfir til á lögbæran hátt,
- þriðja aðila vegna enduruppbyggingar, sölu eða kaupa TPML eða tengdra rekstrareininga, að því gefnu að viðtakandi noti upplýsingar þínar í sama tilgangi og þær voru upprunalega látnar af hendi til okkar og/eða notaðar af okkur.
- eftirlits- og löggæsluyfirvalda, hvort sem slík yfirvöld eru utan eða innan Evrópska efnahagssvæðisins, þegar okkur ber lagaleg skylda til að láta slíkar upplýsingar af hendi.

Persónuupplýsingar sendar yfir landamæri

Í tilteknum tilvikum er nauðsynlegt að deila persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins í því skyni að veita þér þjónustu okkar, eða t.d.:

- með þjónustuaðilum utan Evrópska efnahagssvæðisins,
- ef þú býrð utan Evrópska efnahagssvæðisins,
- ef við veitum þér alþjóðlega þjónustu.

Slíkar færslur falla undir sérstakar evrópskar og maltneskar reglur um persónuvernd.

Hugsanlega gilda ekki sömu lög um persónuvernd í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og á Möltu og Evrópska efnahagssvæðinu. Við sjáum til þess að færslan standist lög um persónuvernd og öryggi allra persónuupplýsinga verður tryggt. Gögn þín verða send til landa sem Framkvæmdastjórn ESB hefur úrskurðað hæf, þ.e. metið sem svo að regluverk viðkomandi landa veiti persónuupplýsingum þínum fullnægjandi gagnavernd. Þú getur nálgast frekari upplýsingar um þetta [hér](#).

Í tilvikum þar sem við sendum gögn þín til landa þar sem Framkvæmdastjórn ESB hefur ekki felld úrskurð um hæfni, er staðlað verklag okkar að nota skilmála staðlaðra samninga um gagnavernd sem Framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt. Þú getur opnað [Vefsvæði Framkvæmdastjórnar ESB til að fá afrit af áður nefndum skilmálum](#).

Hafðu samband við gagnaverndarfulltrúa okkar með því að nota samskiptaupplýsingarnar hér að neðan, ef þig vantar frekari upplýsingar.

Hve lengi geymum við persónuupplýsingar þínar?

Við geymum upplýsingar þínar í a.m.k. sex ár eftir að viðskiptasambandi okkar lýkur. Slíkt er gert til að standa við skuldbindingar okkar samkvæmt gildandi reglugerðum, eins og t.d. reglugerðum gegn peningaþvætti og sviksemi. Þegar breytingar á gildandi reglugerð krefjast þess að við höldum eftir gögnum þínum í lengri eða skemmri tíma, höldum við gögnunum eftir í lögboðinn tíma. Við höldum ekki gögnunum þínum eftir lengur en nauðsyn krefur.

Hver er réttur þinn hvað persónuupplýsingar þínar varða?

Þú hefur tiltekinn rétt varðandi persónuupplýsingar sem við vinnum úr:

- Þú getur beðið um afrit af öllum gögnum eða hluta gagna.
- Þú getur beðið okkur um að gera breytingar á gögnum í okkar vörslu sem þú telur að séu röng.
- Þú kannt að hafa rétt á því að biðja okkur um að eyða persónuupplýsingum þínum (þar sem slíkt á við).
- Þú getur beðið okkur um að takmarka úrvinnslu persónuupplýsinga þinna.
- Þú getur mótmælt úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum (þar sem slíkt á við).
- Þú getur nýtt þér rétt þinn til færanleika gagna.
- Sendu tölvupóst á gagnaverndarfulltrúa okkar á DPO@transactpaymentsltd.com ef þú vilt senda inn beiðni varðandi eitt af ofantöldum atriðum.

Hvernig eru upplýsingar þínar verndaðar?

Við leggjum mikla áherslu á að vernda og hafa eftirlit með persónuupplýsingum þínum. Allar persónuupplýsingar sem við vinnum úr eru meðhöndlaðar með mikilli kostgæfni á öruggan hátt.

Hér á eftir eru dæmi um öryggisráðstafanir sem við grípum til:

- Við gerum ólíkar efnislegar og tæknilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga þinna.
- Við beitum ítarlegum upplýsinga- og öryggisferlum til að tryggja trúnað, gæta að heilleika og tiltækileika upplýsinga.
- Gögnin þín eru vistuð í tölvukerfum á öruggan hátt með stýrðum og takmörkuðum aðgangi.
- Starfsfólk okkar fær reglubundna þjálfun í gagnavernd og upplýsingaöryggi.

- Við notum dulkóðun til að vernda vistuð gögn og notum ónafngreinanleg gögn eftir þörfum.
- Við grípum til fullnægjandi öryggisráðstafana til að vernda grunnvirki tölvukerfa okkar og tölvubúnað starfsfólks okkar, sem felur í sér en takmarkast ekki við, auðkennis- og aðgangsstjórnun, eldveggi, VPN-net, veiruvagnarforrit, ítarlega vernd gegn tölvupóstsógnum og fleira.
- Við gerum reglubundið úttekt eins og PCI-DSS til að ganga úr skugga um að við notum fullnægjandi öryggisstjórnun til að vernda gögnin þín.

Við gerum allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga þinna. Hins vegar getum við ekki ábyrgst flutning þeirra við sendingur í viðeigandi farsímaforrit, vefsvæði eða aðra þjónustu á internetinu. Þegar við tökum við upplýsingunum þínum grípum við hins vegar til viðeigandi aðgerða til að tryggja öryggi þeirra í kerfum okkar.

Kvartanir

Gagnaöryggisfulltrúi okkar svarar öllum fyrirspurnum eða spurningum þínum varðandi notkun okkar á persónuupplýsingum þínum.

[Persónuverndarreglugerðin](#) veitir þér einnig rétt til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsstofnun, nánar tiltekið innan lands Evrópusambandsins (eða Evrópska efnahagssvæðisins) þar sem þú starfar, býrð eða þar sem meint brot á persónuverndarlögum átti sér stað. Eftirlitsaðili á Möltu er skrifstofa fulltrúa upplýsinga- og gagnaverndar. Samskiptaupplýsingar fulltrúans eru eftirfarandi:

IDPC,
Floor 2, Airways House, Triq il-Kbira, Tas-Sliema, SLM1549, Malta.
(+356) 23287100 / info@idpc.org.mt

Önnur vefsvæði

Vefsvæðið okkar kann að innihalda tengla á önnur vefsvæði. Persónuverndarstefna þessi á einungis við um vefsvæði okkar og því hvetjum við þig til að kynna þér persónuverndarstefnu annarra vefsvæða sem þú kannt að opna. Við berum enga ábyrgð á persónuverndarstefnu og verklagi annarra vefsvæða, þrátt fyrir að þú opnir slík vefsvæði með tenglum af vefsvæði okkar.

Breytingar á persónuverndarstefnunni

Við gerum stöðugar uppfærslur á persónuverndarstefnu okkar í takt við viðskiptakröfur og lög um persónuvernd. Við sendum þér tilkynningar um allar slíkar breytingar. Þessi persónuverndarstefna var síðast uppfærð 29. September 2022.

Hafðu samband við okkur

Hafðu samband við persónuverndarfulltrúa okkar á DPO@transactpaymentsltd.com ef einhverjar spurningar vakna varðandi persónuverndarstefnu okkar eða persónuupplýsingarnar þínar sem við geymum.